

Óvissa einkennir markaðinn í dag

- Lítil munur nú á eignasafni áhættusækinna og áhættufælinna
- Mikið sótt í ríkistryggða ávöxtunarkosti vegna öryggisins

Efnahagsástandið á hverjum tíma ræður miklu um áhættuþol fólks. Á árunum 2006 og 2007 virðist sem margir hafi litið svo á að lítil sem engin hætta á tapi væri í raun til staðar og vildu því taka sem mesta áhættu til að fá um leið sem besta ávöxtun. Eftir hrun horfa allir í hina áttina: vilja helst geyma fé sitt í formi innlána eða fjárfesta í ríkistryggðum valkostum,“ segir Björn Snær Guðbrandsson, forstöðumaður eignastýringar hjá Íslenskum verðbréfum.

Viðskiptavinurinn ræður ferðinni

Áð sögn Björns Snæs er það fyrsta verk ráðgjafans að finna út í samræmi við viðskiptavininn hvaða fjárfestingarleið hentar best, og þá einkum út frá því hversu mikla áhættu viðskiptavinurinn er tilbúinn að taka í fjárfestingum sínum. „Með einföldu áhættumatsprófi, og með því að skoða þætti eins og aldur og fjárhagslega stöðu má fljótlega greina hvaða stefna er skynsamlegust,“ segir hann. „Þegar niðurstaða hefur fengist um þann ramma sem viðskiptavinurinn vill fjárfesta innan er það svo hlutverk ráðgjafans að ráðstafa fjárfunum eftir bestu getu innan þess ramma, til að ná fram hámarksávöxtun.“

Leita í ríkistryggða valkosti

Björn Snær bendir á að það sé til marks um ástand markaðarins um þessar mundir að ekki sé mikill munur á eignasafni áhættusækinna og áhættufælinna viðskiptavina í dag: „Strax í október brugðumst við við ástandinu með því að breyta eignastýringaleiðum okkar,“ segir hann. „Í því umhverfi sem við búum við í dag þykja ríkisskuldabréf mjög vænlegur kostur og bera oft háa ávöxtun til skamms tíma. Raunar þykja þau öruggari valkostur en innlán, þó að þau beri einnig góða ávöxtun um þessar mundir, því ríkisskuldabréfin eru ríkistryggð með beinum hætti, og þar með tryggð af skattborgurum, á meðan ábyrgðaryfirlýsing hins opinbera um trygg-



Umsnúningur Björn Snær segir nánast umpólun hafa orðið í áhættusækni.

ingu innlána er óbein trygging og heldur hugsanlega ekki fyrir dómstólum.“

Hlutabréfamaðurinn lamaður

Hlutabréf eru oft talin bestí fjárfestingarkosturinn til langs tíma. Björn Snær bendir hins vegar á að í dag eru aðstæður á markaði mjög óvenjulegar, og íslenski hlutabréfamaðurinn því sem næst lamaður: „Mikil óvissa litar enn ástandið á markaðinum hér á landi. Erlendis er ástandið á mörkuðum skárra, en vegna gjaldeyrishafta er okkur ekki fært að færa nýjar eignir á erlenda markaði – þ.e. við getum ekki breytt

krónum viðskiptavinanna í erlend hlutabréf, a.m.k. ekki enn um sinn.“ Hann bendir líka á að sá munur sé á fjárfestingarkostum hérlendis og erlendis að vegna lágra vaxta, t.d. vestanhafs, leiti fjárfestar í aðra valkosti en innlán og ríkisskuldabréf í von um hærri ávöxtun: „Þegar innlán og ríkisskuldabréf gefa háa ávöxtun eins og hér á landi dregur það úr vilja fjárfesta til að taka þá áhættu sem felst í hlutabréfaviðskiptum. Í Bandaríkjunum og víðar eru stýrivextir komnir í 0,25%, og þá freistast fjárfestar til að leita annarra möguleika á markaði sem kunna að gefa betri ávöxtun.“